

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 1. október 2019 klukkan 16:15-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Silja Konráðsdóttir og Elín Njálsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Guðrún María Þorgeirsdóttir og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Þórhildur Erna Arnardóttir fulltrúi nemanda forfallaðist, Betsy Ásta Árnadóttir og Kamilla Rós Hjaltadóttir fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa.
2. Nýjar skólareglur kynntar og samþykktar.
3. Farið yfir starfsáætlun og almenna hluta skólanámskrár 2019-2020.
4. Sjálfsmatsskýrsla rædd og drög að umbótaætlun kynnt.
5. Önnur mál.
6. Gengið um skólann.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning fulltrúa.

Allir fundarmenn kynntu sig.

2.mál Nýjar skólareglur kynntar og samþykktar.

Skólastjóri fór yfir nýjar skólareglur sem hafa verið kynntar nemendum, foreldrum og starfsfólki. Nokkrar athugasemdir komu fram í þessari yfirferð í vor og huast og var tekið tillit til þeirra. Reglurnar samþykktar án athugasemda.

3.mál Farið yfir starfsáætlun og almenna hluta skólanámskrár 2019-2020

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir starfsáætlun og almenna hluta skólanámskrá Akurskóla. Bæði skjöl samþykkt, ein athugasemd barst um að bæta við sögu skólans.

4.mál Sjálfsmatsskýrsla rædd og drög að umbótaætlun kynnt

Sigurbjörg fór yfir sjálfsmatsskýrslu skólans og drög að umbótaáætlun skólans. Samþykkt með fyrirvara á yfirlestri á umbótaáætlun skólans.

5.mál Önnur mál.

a) Sigurbjörg sagði frá ósk Akurskóla eftir því að öll börn fyrir ofan Urðarbraut verði færð í Stapaskóla á næsta skólaári. Það er ekkert meitlað í stein og hvert mál verður skoðað sérstaklega.

Nemendur í 9. bekk nefndu að vilji væri í 9. bekk að nemendur þar fengju að ljúka sinni skólagöngu í Akurskóla. Þeim bent á að skila inn erindi til skólastjóra.

b) Sigurbjörg sagði frá því að menntamálaráðuneytið væri búið að „útskrifa“ Akurskóla frá ytra matinu.

c) Þórdís lýsti yfir ánægju sinni og foreldra sem hún hefur heyrt í með nemendaráð Akurskóla. Heiða og Haraldur standa sig mjög vel þar. Fulltrúar nemenda lýstu einnig yfir ánægju sinni með starfið.

d) Betsý spurði hvort nemendafélagið eigi gera eitthvað fyrir Stapaskóla. Sigurbjörg benti þeim á að þau eigi ekki að gera neitt en þau megi endilega gera eitthvað og vera í sambandi við stjórnendur Stapaskóla.

6.mál Gengið um skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.05.

Fundargerð þessa ritaði
Þormóður Logi Björnsson
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla